

Reykjavík 13. ágúst 1997

## Stúlkur mínar.

**Nú er komið að því. Hér með boða ég ykkur á fund í Norræna húsinu (fundarherbergi) þriðjudaginn 19. ágúst kl. 17.00. Oft var þörf en nú er nauðsyn.**

Það dregur heldur betur til tíðinda í Kvennalistanum. Eins og þið eflaust vitið hefur um nokkurt skeið verið starfandi hópur númerandi stjórnarandstöðuflokka sem rætt hefur um samstarf, með stefnu á sameiginlegt framboð að sjálfsögðu. Í gær var haldinn fundur þar sem nefndin kallaði á formenn A-flokkanna og fulltrúa okkar sem var undirrituð. Auk míni var Sigrún Jónsdóttir þarna sem nefndarkona. Þar gerðist það að bornar voru fram nokkrar formlegar spurningar til Kvennalistans og óskað svara sem fyrst: 1. Vill Kvennalistinn vera með í samstarfinu? 2. Ætlar Kvennalistinn að vera með í að smíða ramma utan um komandi samstarf, þ.e. verkefnaáætlun til fjögurra ára, sem verði tilbúinn í grófum dráttum í byrjun nóvember. 3. Hvaða mál vill Kvennalistinn ræða sérstaklega, hvar og hvernig?

Það er búið að boða Samráðsfund laugardaginn 30. ágúst og þar verður væntanlega tekin ákvörðun um það hvort haldið verður áfram eður ei. Að mínum dómi er nú komið að hinni raunverulegu ákvörðun. Verði samþykkt að halda áfram verður ekki aftur snuíð. Systir Guðný segir auðvitað að þetta sé ekki hin afdrifaríka ákvörðun, heldur verði hún tekin á næsta landsfundi. Það er þó augljóst að þarna verður um stefnumarkandi ákvörðun að ræða. Ég fékk það reyndar á tilfinninguna á fundinum í gær að ekki yrði aftur snuíð vegna þess hve langt málin eru komin, en spurningin snýst um það hverjir ætla að vera með!

Það verður boðaður félagsfundur í Reykjavík fimmtudaginn 21. ágúst til að ræða málin, en þar á einnig að kjósa nýja fulltrúa í Samráð!!!! Þær sem nú sitja fyrir Reykjavík í Samráðinu eru Kristín Einarsdóttir og Sjöfn Kristjánsdóttir, en þær eru báðar andvígur "samrunaleiðinni". Haldið þið að það sé verið að taka málin einhverjum vettlingatökum? Nei ekki aldeilis.

Nú er spurningin: hvað á að gera? Gefast upp? Berjast? Láta koma til uppgjörs eða reyna að finna friðsamlega leið? Er hún til? Hvað mun gerast í kjölfar þeirrar ákvörðunar sem tekin verður á samráðsfundinum? Ég verð að segja alveg eins og er að ég er sjálf í mjög erfiðri aðstöðu og veit ekki hvern fjandann ég á að gera. Á ég að segja mig úr þingflokknum og hvað þá? Á ég að þrauka og taka ekki þátt í því starfi sem hugsanlega fer af stað? Á ég að beygja mig og gerast þáttakandi þvert á eigin samvisku, eða hvað? Eigum við allar að segja okkur úr Kvennalistanum ef "samvinna" verður ofan á, eða bíða til landsfundar? Eigum við að stofna nýjan flokk eða gera eitthvað annað?

Því vil ég boða ykkur til fundar í Norræna húsinu, á þeim stað þar sem Kvennaframboðið fæddist og haldnir voru ótal frjóir fundir sem leiddu til býtingar. Ég vona að sjá ykkur sem flestar.

Kristín Ástgeirs dóttir